

Starfsáætlun Kópahvols

skólaárið 2023 – 2024



Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá Kópahvols. Foreldraráð gefur umsögn um áætlunina sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Almennar upplýsingar um leikskólann, dagskipulag, skólanámskrá, foreldraráð og skóladagatal ásamt fleiri þáttum má finna á [heimasíðu](#) skólans. Leikskólinn Kópahvoll tók til starfa árið 1970 og er fjöggra deilda skóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma. Í leikskólanum eru samtals 74 börn.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sem og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón og til þess að unnið sé eftir viðbragsáætlunum. Hér má finna [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

[Áfallaáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttisáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar](#)

[Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins.](#)

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís. Skráð voru tíu slys skólaárið 2022 – 2023, eitt augnslys, þrjú tannsls, þrjú slys á andliti og þrjú óhöpp tengd leiktæki í garði.

Brugðist var við úrbótum þar sem það var hægt. Sex óhöpp áttu sér stað í útveru og fjögur innanhús.

Viðhald

Skólaárið 2022 – 2023

Ugludeild og Spóadeild fengu nýja stóla. Settar voru hurðar á salerni barnanna á Ugludeild.

Skólaárið 2023 – 2024

Við höfum ekki fengið staðfest um neitt viðhald fyrir skólaárið 2023 – 2024

Skólastarfið

Skólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er höfuðáhersla lögð á gæði í samskiptum enda eru þau grundvallarþáttur í öllu starfi skólans. Stefna skólans er Uppeldi til ábyrgðar og er enn í innleiðinga ferli. Snemmtæk íhlutun er orðin hluti af starfi leikskólans sem og verkefnið þrír stafir.

Einkunnarorð leikskólans Kópahvols eru *gleði, samkennd, frelsi og hugrekki.*



Áherslur í skólastarfinu skólaárið 2023-2024

Unnið er út frá Barnasáttmálanum, uppeldi til ábyrgðar, snemmtækri íhlutun, lýðræði og læsi í víðri merkingu með áherslu á vinnu með Lubbi finnur málbein og Vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ. Lagt er upp með að efla sjálfsvitund barnanna, samskipti og samhug ásamt því að börnin eru frædd um líkama sinn og nánasta umhverfi.

Kópahvoll fékk þann heiður að verða réttindaskóli UNICEF í nóvember 2022. Það að vera réttindaskóli UNICEF eflir okkur í vinnu með barnasáttmálanum og að virkja börnin enn frekar í að taka þátt í að móta og þróa starfið okkar í leikskólanum. Leikskólastarfið einkennist af samkennd, hlustun, virðingu og lýðræði meðal barna og starfsfólks. Þar sem einkunnar orðin okkar koma sterk inn þar sem gleðin, samkenndin og hugrekið skapast allt í samskiptum og virðingu fyrir einstaklingnum.

Frelsið mótast með lýðræðinu og hvernig við eflum alla einstaklinga í leikskólanum til þess að vera þeir sjálfir.

Áherslurnar fyrir skólaárið 2023-2024 eru að halda áfram því góða starfi sem við höfum verið að vinna að og efla okkur enn frekar í þessum þáttum. Ýmsar hugmyndir eru komnar á loft um að efla samvinnu á milli deilda og auka flæði og tengsl barnanna á milli deilda.



Símenntunaráætlun

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja námskeið, til að bæta faglegt starf og efla starfsþróun.

Skólaárið 2022-2023

| Námskeið | Hvenær | Hverjir |
|---|-------------------|----------------|
| Máltaka barna með íslensku sem annað tungumál | 27. janúar 2023 | Allir |
| SOS og blær verkefni | 27. janúar 2023 | Allir |
| Erfið hegðun(Kristjana) | 17. Nóvember 2022 | Allir |
| Virkjum stressið og nýtum kraftinn. (Eyþór) | 17. Nóvember 2022 | Allir |
| Uppeldi til ábyrgðar og annað fagefni innan leikskólans | 15. mars 2023 | Allir |
| Skólaheimsóknir í leikskóla Vínarborgar | 17. maí 2023 | Allir |
| Fræðsla í Barnasafni og Tæknisafni Vínarborgar | 19. maí 2023 | Allir |
| Pechs | Febrúar 2023 | Tveir kennarar |
| Teach | Apríl 2023 | Þrjú kennarar |
| | | |
| | | |

Árið 2022 – 2023 fóru stjórnendur á nokkur námskeið s.s. í nýjum verkferlum hjá Kópavogsbæ, fyrirlestur um farsældarlög barna og hæfnisramma tvítýngdra barna. Sérkennslustjóri hefur setið námskeið sem varða nýja ferla hjá stoðþjónustu Kópavogsbæjar.

Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2023-2024

| Námskeið | Hvenær | Hverjir |
|---------------------------|---|----------------------|
| Deildarstjóranámskeið | 2023 - 2024 | Allir deildarstjórar |
| Fagfundur | 17. október 2023 | Allir boðnir |
| Fagfundur | 10. apríl 2024 | Allir boðnir |
| Ecera ráðstefna | September 2023 | Sérkennslustjóri |
| Skyndihjálparnámskeið | Mars/Apríl 2024 – 10. maí unnin af okkur | Allir |
| Uppeldisfræðileg skráning | Nóvember 2023 | Allir |
| Samþætt þjónusta | Nóvember – 10.maí unnin af okkur að hluta | Allir |

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar verða fimm á árinu og nýttir til að efla fagþekkingu, hópefli og skipulag starfsins.

Skólaárið 2023-2024

Föstudagurinn 15. september- Endurmat og undirbúningur fyrir vetrarstarfið. Ákveðið að taka hópefli í leiðinni og farið eftir vinnu 14. September í Hveragerði á Hótel Örk.

Fimmtudagurinn 15. Nóvember – Ekki búið að ákveða ath uppeldislega skrá..

Föstudagurinn 26. janúar – Ekki búið að ákveða

Miðvikudagur 12. mars – Ekki búið að ákveða

Föstudagur 10. maí – Vinnum af okkur, fræðsla um farsæld þjónusta 15. nóvember.

Slysavarnarnámskeið



Þróunar- og nýbreytnistarf

Starfið í leikskólanum er í sífelldri þróun með tilliti til nýbreytni. Áfram er horft til heimsmarkmiða og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í öllu starfi skólans.

Lögð verður sérstök áhersla á fræðslu varðandi tengslamyndun barna og tvítyngd börn.

Ákveðið var að fara í breytingar innanhús haustið 2023 þar sem áhugi var fyrir því að nýta rýmið í salnum betur en áður hefur verið gert. Ákveðið var að færa hreyfinguna út og breyta salnum í rými þar sem fleiri en ein deild getur nýtt rýmið í einu í leik og starf. Sett var upp leikfangasafn þar sem kennarar og börn geta komið og skipt út efnivið á deildunum eftir hentugleika.

Kennarar settu sér markmið um að ýta undir samvinnu á milli allra deilda skólans og breyting á salnum var hluti af þeirri samvinnu, þar skapast tækifæri til þess að blanda börnunum meira saman í leik. Ákveðið var að fara í val á öllum deildum þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga þar sem öll börn geta valið um að fara í salinn, Hreiðrið eða vera á sinni deild. Helmingur barnahópsins er í útiveru.

Hreiðrið er listasmiðja þar sem við höfum fengið sérgreinastjóra til þess að leiða sköpun barnanna. Í Hreiðrið geta tvö börn valið af hverri deild hverju sinni. Í salinn geta þrjú börn valið hverju sinni.

Tveir kennarar í Kópahvoli hafa verið að vinna að útfærslu fyrir Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn sem Menntamálastofnun gaf út. Markmiðið er að setja Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla upp á aðgengilegan hátt og gera skráningu og eftirfylgni markvissari til að leggja mat á stöðu barna með íslensku sem annað tungumál. Sótt var um styrk hjá Kópavogsbæ til þess að þróa útfærsluna og fékkst styrkur upp á 580.000kr.



Foreldrasamstarf

Upplýsingar um foreldraráð Kópahvols og foreldrafélag ásamt lögum og starfsreglum má finna á [heimasíðu leikskólans](#).

Samsetning starfsmannahópsins

Í Kópahvoli er gert ráð fyrir 18,9 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 30% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Auk þess að vera í stjórnunarstöðu sinnir aðstoðarleikskólastjóri meðal annars heimasíðu leikskólans og skipulagningu á faglegu starfi. Deildir eru að auki með starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Síðasta starfsár voru 24,16 stöðugildi en þar af voru 5,99 stöðugildi vegna sérkennslu.

Skólaárið 2023-2024 munu starfa í Kópahvoli auk stjórnenda, sérkennslustjóri, sérgreinastjóri, tveir kennarar með deildarstjórn, einn háskólamenntaður kennari með deildarstjórn og einn ófaglærður starfsmaður með deildarstjórn. Þrír leikskólakennarar (einn í langtíma veikindum), tveir aðstoðarleikskólakennarar, sex háskólamenntaðir starfsmenn einn í fæðingarorlofi, tveir nemar í leikskólakennarafræðum önnur í fæðingarorlof og níu almennir starfsmenn þar af ein í fæðingarorlofi.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu kennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Hagnýtar upplýsingar

Börn

Í desember 2022 voru 74 börn í Kópahvoli og þar af fimmtán börn af erlendum uppruna.

Aldursskipting eftir árum:

12 börn fædd 2017
20 börn fædd 2018
27 börn fædd 2019
16 börn fædd 2020

Dvalartími hvers dag 602,55
Barngildin voru 90,39



Mat á skólastarfi og umbótaáætlun

Innra mat

Innra mat á að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Mat skólans er viðvarandi verkefni byggt á viðmiðum sem fram koma í aðalnámskrá, skólanámskrá skólans og starfsáætlun. Hlutverk innra mats er að skoða og meta framkvæmd stefnu og markmiðs skólans. Í framhaldi af því mati er mótuð umbótaáætlun fyrir þá þætti sem út af standa.

Matsteymi og þátttaka í innra mati

Í matsteymi Kópavols er stjórnendateymi skólans sem saman stendur af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, sérgreinastjóra og deildarstjórum. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati en teymið sér um skipulagningu matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess. Innra mat er samvinnuverkefni allra starfsmanna, foreldra og barna.

Niðurstöður úr matsáætlun 2022-2023

Skólaárið 2022 – 2023 voru stjórnendur Kópavols að sinna tveimur leikskólum og því varð eitthvað lítið úr mati þetta skólaár. Lagður var fyrir gátlisti innra mats um Heilbrigði og vellíðan hér fyrir neðan má sjá niðurstöður.

| <i>Viðfangsefni/markmið</i> | <i>Viðmið um árangur</i> | <i>Niðurstaða</i> |
|-------------------------------|---|-----------------------------|
| Heilbrigði og vellíðan | Nýttur var spurningalisti frá Kópavogsbæ | Sjá niðurstöður frá deildum |

Mat deilda á námssviðinu heilbrigði og vellíðan

Spóadeild

Styrkleikar: Börnin upplifa öryggi í umhverfinu og þörfum þeirra er mætt. Ýtt er undir jákvæða og heilbrigða líkamsímynd. Börnin eru nokkuð sjálfbjarga í leik og starfi og láta fara vel um sig. Þeim er gefin tími og tækifæri til að hjálpa sér sjálf og nota t.d hnífapör við matarborðið og smyrja og hella sjálf í glösin sín. Spóadeild leggur áherslu á rólegt og notalegt andrúmsloft þar sem börnin upplifa ró, vellíðan og slökun. Hvíld er á Spóadeild þar sem börnin sofa/ hvíla sig eins og þau þurfa. Ávallt er farið út einu sinni á dag að lágmarki.

Umbótaþættir: Þarf að gefa börnunum fleiri tækifæri á að reyna á sig hvað varðar hreyfingu, t.d fara meira með þau í lengri ferðir og nýta Víghólinn betur í hreyfingu. Starfsfólk mætti vera duglegra við að fara í leiki með börnunum til að efla bæði fín- og grófhreyfingar. Starfsfólk þarf að hafa í huga að hægja stundum á sér, til þess að gefa börnunum meira svigrúm í sjálfsbjörg.

Krummadeild

Styrkleikar: Börnin fá gott rými til þess að efla sjálfsbjörg og eru hvött áfram í mismunandi aðstæðum. Börnin fá tækifæri til þess að stunda alhliða hreyfingu bæði úti og inni. Gefin er góður tími í hvíld/slökun yfir daginn. Börnin fá val um viðfangsefni sem stuðlar á andlegri og líkamlegri vellíðan. Lagt er upp með að hafa stundir þar sem börnin fá tækifæri til þess að læra t.d leiki, æfa fínhreyfingar og fleira. Ávallt er farið út að lágmarki einu sinni á dag. Lagt

er upp með að stuðla á heilbrigðu lífni og vekja börnin til umhugsunar um t.d hreinlæti, líkamsumhirðu og sýkingavarnir.

Umbótaþættir: Mætti vera duglegri við að fara í vettvangsferðir og nýta nær umhverfið með börnunum sérstaklega þar sem um elstu börnin er að ræða. Vera duglegri við að kenna þeim nýja leiki og gefa þeim tækifæri og svigrúm til að slaka á og hvíla sig eftir þörfum.

Lóudeild

Styrkleikar: Börnin upplifa öryggi og gleði í umhverfinu þar sem þau fá tækifæri til að reyna á sig í daglegum athöfnum. Borin er virðing fyrir líkamlegri virkni og hreyfiþörf þeirra er fullnægt sem eflir hreyfiþroska, hreyfigetu, samhæfingu og jákvæða líkamsvitund. Á Lóudeild er tekið vel á móti börnum og foreldrum í aðlögun og skapaðar aðstæður þar sem allir finna til öryggis og hlýju. Börnunum er veitt rými til að efla bæði fín- og grófhreyfingar í fjölbreyttu og góðu leikrými. Lagt er upp með að börnin séu í þægilegum fatnaði þegar þau koma í leikskólann og séu með fatnað sem hentar bæði inni sem og í útiveru. Góður tími er gefin í matmálstíma og hvíld.

Umbótaþættir: Mætti vera duglegri við að fara í fjölbreyttari leiki með börnunum. Gefa þeim meira svigrúm í sjálfshjálp t.d í matartíma. Hvetja þau til að smyrja, hella og matast sjálf. Leyfa börnunum að aðstoða við t.d þegar verið er að leggja á borð virkja þau í að taka þátt í starfinu og umhverfinu á deildinni.

Ugludeild

Styrkleikar: Börnin upplifa öryggi í umhverfinu og hafa kost á alhliða hreyfingu. Hreyfiþörf þeirra er mætt og þau fá bæði tækifæri til að reyna á sig og slaka á og hvílast til þess að ýta undir jákvæða og heilbrigða líkamsvitund. Boðið er upp á leiki sem reyna bæði á fín- og grófhreyfingar. Alltaf er farið að lágmarki einu sinni út á dag börnin hafa tækifæri til þess að leika sér í mismunandi landslagi þar sem farið er í vettvangsferðir og Víghólinn nýttur. Hvíld í hádegi þar sem börnunum gefst kostur á að hvíla sig og jafnvel sofa þau sem þurfa á því að halda.

Umbótaþáttur: Bæta þarf aðgang að skapandi og ögrandi umhverfi, bæði úti og inni, þar sem tækifæri eru til að beita fín- og grófhreyfingum. Gefa þarf börnunum meira svigrúm til þess að hjálpa sér sjálf þegar verið er að klæða sig fyrir útiveru. Í matartíma þarf að skapa meiri ró og notalegt andrúmsloft og vera meðvitaður um að ræða um næringu og hollustu. Auka þarf sjálfsbjörg barnanna í líkamlegri umhirðu svo sem við salernisferðir, hefur verið ábótavant þar sem oft of mörg börn í einu á salerni.

Val á matspáttum fyrir skólaárið 2023 - 2024

1. Mat á námssviðinu sköpun og menning.
2. Mat á breytingum sem gerðar voru að skipulagi september 2023
3. Mat á aukinni samvinnu deilda
4. Mat á UNICEF verkefni

Ytra mat

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Foreldrakönnun á vegum Kópavogsbæjar

Könnun var lögð fyrir foreldra í febrúar 2023 og var svörunin rúmlega 80%.

Það sem skoraði hæst í könnunni var líðan barnanna í leikskólanum, tenging við starfsfólk og starfið með börnunum. Þar sem tækifæri eru til úrbóta leikskólabyrjun eða aðlögun yngstu barnanna. Ákveðið hefur verið að leggja fyrir aðlögunarkönnun svo hægt sé að bregðast við niðurstöðum.

Mat barna

Unnið hefur verið að því að efla mat barna og virkja börnin enn frekar í að hafa skoðanir og áhrif á starf leikskólans. Í tengslum við UNICEF verkefnið voru lagðar fyrir tvo elstu árgangana könnun á hvað börnum þætti t.d skemmtilegast í leikskólanum og hvernig þeim þætti hvíld og matartími.

Elstu börnin fá einnig að velja hvað er í hádegismatinn einu sinni í mánuði og er markmiðið að allar deildir taki þátt í því sem allra fyrst.

